





DEILISKIPULAG MKV. 1:2000




SNÍÐ A-A' MKV. 1:2000

GREINARGERÐ
Markmið
Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja nýjan kirkjugarð (grafreit) fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma (KGRÞ) sem yfri staðsettur í Reykjavík. Sá kirkjugarður sem er mest nýttur í dag fyrir kistugrafi er Gufunesgarður en ljóst þykir að hann verði fullnýttur innan fárra ára. Því er þörf að á nýjum kirkjugarði yfir kistugrafi, en það tekur um 6-8 ár að útbúa slíkan garð. Landið sem um ræðir er í dag með takmarkaðri jarðvegsþekju og til að það verði grafið tækt fyrir kistugrafi mun þurfa að fylla ofan á núverandi land með moldarjarðvegi ríflega 600 þúsund m³. Vegna áföma um losun jarðvegs til uppfyllingar er deiliskipulagið háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Það mat fer fram vegna vinnu við aðalskipulag sem auglýst verður samhliða deiliskipulagsvinnunni og mun niðurstaða þess mats verða dregin saman í lok greinargerðar.
Forsendur og staðhættir
Deiliskipulagssvæðið er undir vesturhlíð Úlfarsfells á svæði sem liggur miðsvegar í fjallinu og er nokkuð sléttlent. Að norðanverðu liggur svæðið upp að sveitarfélagsmörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, en að austan- og vestanverðu eru það brattar hlíðar fjallsins sem afmarka fyrirhugaðan kirkjugarð. Hæð svæðisins liggur frá 85 m.y.s. og upp í 110 m.y.s. Halli á svæðinu er nokkuð breytilegur. Um miðhlíð er um 3-4 %, en um 10-15% þegar nær dregur brekkum vestan og austan megin. Dýpi á klöpp er um 0-1 m og klettaranar ganga inn í landið að norðan- og vestanverðu. Til að útbúa grafið tækt svæði má halli ekki vera mikið meiri en 4-5 % og því mun þurfa að útbúa stalla í landið með fyllingum þar sem landið er hvað brattast. Gróðurþekja er á svæðinu í bland við mela, að mestu í formi lynggróðurs og mosabúfna. Sjálfsáð birki og víðir má finna víða en einnig hefur þarna verið stunduð trjárékt í dágóðan tíma, sérstaklega austast á svæðinu. Sumir trjáreitirnir hafa náð nokkurri hæð. Meðfram austurhluta svæðisins, er háspennulína sem liggur eftir Úlfarsfellinu en snýr síðan og liggur þá þvert yfir svæðið og tengist tengivirki við Korpu. Vegna hæðar yfir sjó er vindhraði og úrkoma þarna meiri en vestar í borginni. Ríkjandi vindáttir skv. Gjölskýrslu eru austanáttir en Úlfarsfellið veitir að einhverju leyti skjól fyrir þeim í fyrirhuguðum kirkjugarði. Á gróðurfari má sjá góðan vöxt austast á svæðinu og þar með næst hlíðum Úlfarsfells. Ef mið er tekið af grófri virðist sunnan og vestanáttir vera verstar og mun það kalla á skjólbelti til að skyla garðinum fyrir þeim áttum.
Skipulag
Heildarstærð lóðar er 22,5 ha. Aðkoma að kirkjugarðinum verður frá suðurhlíð lóðar og þar er gert ráð fyrir aðkomusvæði með bílastæðum, þjónustuhúsi, svæði fyrir upplýsingar, minningarreitir og listaverk. Þaðan verður hægt að keyra bíl eftir hringvegi sem liggur um kirkjugarðinn. Grafarsvæði garðsins skiptast upp í miðjussvæði og svæði fyrir utan miðjuna. Miðjan er afmörkuð með kirkjugarðsvegg sem er hringlaga jarðvegsmonn með vegg eða hleðslu sem snýr inn að miðju. Í vegginn eru skörð fyrir göngustiga og þannig tengist miðja garðsins öðrum hlutum hans. Göngustígarnir nefnast einnig svæðagötur og eru akfærir stígar sem skipta kirkjugarðinum í minni svæði. Með grófri og yfirborðsfrágangi verður hægt að gela hverju svæði fyrir sig séríkkenni sem henta staðsetningu og tíðaranda. Meðfram austurhlíð kirkjugarðsins liggur Græni trefillinn í hlíð Úlfarsfells. Þar er gert ráð fyrir útivistarstíg sem mun gagnast bæði gestum kirkjugarðsins en einnig þeim sem stunda útivist á svæðinu.
Umferð og aðkoma
Aðalgata kirkjugarðsins verður 4,5 m breiður hringvegur með einstefnu þar sem gert verður ráð fyrir að bílar geti lagt í hlíð veggins þegar athafnir eiga sér stað. Liggur aðalgatan meðfram suðurhlíð garðsins hjá aðkomusvæði og sem hringvegur í miðju garðsins fyrir utan kirkjugarðsvegginn. Út frá aðalgötunni eru 7 bílastæði í vösum með jöfnu millibili. Bílastæði eru samtals 55 þar af 20 við


aðkomu að svæðinu. Í framtíðinni mun aðalaðkoma að kirkjugarðinum vera á suðurhlíð garðsins frá tengivegi skv. aðalskipulagi sem liggja á inn í fyrirhugaða íbúðabyggð. Þar sem sá vegur er ekki kominn verður aðkoma að kirkjugarðinum á framkvæmdartíma um vinnuveg sem fyrirgert er að leggja frá hringtorgi rétt norðan við byggingarvörðversulína Bauhaus sem liggur að suðurenda kirkjugarðssvæðisins.
Byggingarreitir og þjónustusvæði
Við austurhluta kirkjugarðsins er 6000 m² athafna- og þjónustusvæði fyrir þjónustuhús, vélageymslu, plöntulager og geymslu jarðefna. Byggingarreitur fyrir þjónustuhús er 350m² þar sem gert er ráð fyrir byggingu á 1 hæð. Ennifremur er gert ráð fyrir móttökukúsi við aðkomubílastæði. Byggingarreitur fyrir móttökukús er 120 m².
Kennileiti
Aðalkennileiti kirkjugarðsins er Úlfarsfellið sjálft. Í norðausturenda kirkjugarðsins við rætur Úlfarsfells er afmarkað svæði fyrir útiþekjuna sem snýr til vesturs. Þar er fallægur gróður í dag og skjólsælt. Kapellin gefur möguleika á samkomuhaldi þegar aðstæður og veður leyfir. Einnig er það staður sem gefur gestum garðsins kost á að setjast niður og hugleidda eða hvíla sig á meðan það horfir yfir sundin og sólsetrið. Eitt aðalkennileiti garðsins verður kirkjugarðsveggurinn og miðjan sem hann umlykur. Á þremur stöðum við miðjuna verða sett upp borgarhlíð, tvö við vegginn þar sem svæðagata gengur í gegn og eitt við aðalgötuna þar sem aðalgönguleið miðjunnar gengur út frá. Hlíðin munu fá nafn og verða kennileiti í garðinum.
Göngustígur
Út frá miðju kirkjugarðsins greina sig út 3,5 metra breiðir, akfærir göngustígir út yfir garðinn og tengja saman grafarsvæðin. Þannig eru engir langir beinir ásar í gegnum garðinn, en þess í stað liggja allir stígar í átt að miðju garðsins. Bæði aksturshringurinn og jarðveghringurinn með sínum þrem hlöðum, auðveldi fólki að rata um garðinn. Í miðju kirkjugarðsins breikkar göngustígurinn og myndar aflangt torg. Þar er gert ráð fyrir dvalaradstöðu. Gert er ráð fyrir að hluti stígakæfis kirkjugarðsins tengist beint stígakæfi sveitarfélaganna og skilgreindir eru tengingar innan garðsins sem tengjast útivistarstígum í Úlfarsfelli og einnig sýnd tenging við stofnstig samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.
Gróður
Þar sem svæðið er vindsamara en mörg önnur svæði í Reykjavík er hugað sérstaklega að skjólmýndun með gróðri. Meðfram göngustígum og grafarsvæðum er gert ráð fyrir breiðum skjólbeltum og einnig munn trjáráðir inn á grafarsvæðinum myndra skjól. Í jöðrum garðsins, sérstaklega út við Vesturlandsveg, eru breiðari skjólbelti og gróðurvaxnir fláar sem myndast við nauðsynlegar jarðvegsfyllingar. Við suðurhlíð garðsins verður gert breitt gróðursvæði sem veitir skjól fyrir sunnan áttum og afmarkar einnig aðkomu að kirkjugarðinum. Meðfram skógræktarsvæðinu norðan megin við garðinn er tegundavalið í ætt við það sem skógræktin hinu megin við sveitarfélagsmörkin hefur notað. Með því að gróðursetja rétt í þyrpingum inn í garðinn er hægt ná fram þeim áhrifum að skógræktin vaxi inn í kirkjugarðinn. Þannig mun það sýna kirkjugarðsins fá á sig sér einkenni.

Grafir
Áætlað er að nýting lands til grafrar sé um 35% af grafið tæku landi. Landhalli á greiftrunarsvæðum er að meðaltali 3-4% og aldrei meiri en 7%. Grafarsvæðin eru mismunandi að stærð, frá 1000 til 5000 m² og afmarkast af göngustígum eða svæðagötum og skjólbeltum. Reiknað er með að skipta stærstu svæðunum í minni einingar með gróðri. Gert er ráð fyrir plássi fyrir um 22.000 kistugrafi. Einnig verður hægt að koma fyrir minni svæðum fyrir duftur í bland við kistugrafi en hvert svæði getur þröst eftir því hvernig kröfur og grafrarskið í samfélaginu þróast. Í kirkjugarðinum munu verða afmörkuð svæði fyrir önnur trúarbrögð.


Þróun
Þar sem nauðsynlegt er að bæta allt að þriggja metra þykku jarðvegslagi nokkuð jafnt yfir svæðið (ríflega 600 þús m³) mun það verða notað sem jarðvegstíppur. Mikilvægt er að gerðar séu strangar kröfur um gæði efnis sem losað verður. Jarðvegsfylling á svæðinu mun ná u.þ.b. að hæðarlínu 107 m.y.s. við rætur Úlfarsfells þar sem kemur göngustígur sem markar skilin á milli fells og kirkjugarðs.
Efnislosun verður áfangaskipt niður í 3 svæði en byrjað verður á innsta hringnum, svo á ytri hringnum og að lokum eru það svæðin sem liggja næst sveitarfélagsmörkum og að Vesturlandsvegi en þar er þörf á mestri landmótun og stöllum vegna bratta í landslaginu. Áfangaskipting og mögulegt efnismagn er á eftirfarandi hátt:
1. áfangi, miðjan þar sem hægt er að koma fyrir u.þ.b. 313.000 m³ af efnis.
2. áfangi, ytri hringurinn er u.þ.b. 92.000 m³ af efnis.
3. áfangi, jaðarinn er u.þ.b. 205.000 m³ af efnis.
Uppbygging garðsins mun vera á þann hátt eftir að landfyllingu lýkur að byrjað verður á að gera hringvegin sem liggur um garðinn, aðkomusvæði og athafna- og þjónustusvæðinu. Hringvegur þessi mun nýtast sem þjónustuvegur á meðan á landmótun stendur þar sem út frá honum er auðvelt að komast til allra átta.
Talsvert af heildarstærð garðsins fer undir aðra þætti en grafir og ef miðað er við 22,5 ha þá er ljóst að heildarnýting er undir 35%. Skýringar á því eru erfiðar aðstæður innan lóðarmarka sem skyrast af eftirfarandi:
- Hluti af hlöðum Úlfarsfells liggur inn á lóðinni. Hlíðarnar eru mjög brattar og ekki nýtanlegar fyrir kirkjugarð. Einnig tilheyrir hlíðin að austanverðu græna treflinum og er því fyrst og fremst útivistarsvæði. Kirkjugarðurinn mun leggja útivistarstig á því svæði sem gagnast græna treflinum einnig. Samtals er stærð þessa svæðis um 14.000 m².
- Landið liggur hátt uppl. og ekki í tengslum við neina byggð. Að norðanverðu er hann afmarkaður af skógræktarreit Mosfellsbæjar, að austanverðu afmarkast hann af hlöðum Úlfarsfells og að vestanverðu leggst kirkjugarðurinn niður í brekkurnar niður að Vesturlandsvegi. Að sunnanverðu mætir kirkjugarðurinn auðnarlegu landslagi, sléttu sem er lítið grön og langt í alla byggð. Því er lagt til að þar verði gert breið skjólbelti, hálfgerð skógrækt sem mun afmarka garðinn mót suðri og taka á móti gestum. Gróðurinn mun einnig gegna því hlutverki að mynda skjól fyrir sunnanáttum. Samtals munu skjólbeltin þekja um 9.000 m².
- Vesturhluti lóðarinnar liggur í töluverðum halla niður að Vesturlandsvegi. Til að hægt sé að nýta það svæði sem grafið tækt land mun þurfa að mynda bratta (1/3) stalla til að taka upp hæðarmun. Þær brekkur eru ekki nýtanlegar til greiftrunar. Þar verður þó hægt að gróðursetja til að skapa skjól. 14.000 m².
Ef þessir þrír þættir eru teknir saman teljast þeir vera 37.000 m² eða 3,7 ha sem gerir nýtanlegt svæði fyrir kirkjugarð um 18,8 ha. Miðað við þær tölur verður hægt að ná um 35% nýtingu sem telst eðlileg nýting kirkjugarða.



LEGA VINNUVEGAR mkv. 1:5000



EFNISLOSUN mkv. 1:2500



- SKÝRINGAR:**
- Sveitarfélagamörk
 - Deiliskipulagsmörk
 - Aðalgata, hringvegur
 - Göngustígur, akfærir
 - Gangstígur innan kirkjugarðs
 - Útivistarstígur í jaðri kirkjugarðs
 - Bílastæði
 - Byggingarreitur
 - Athafnasvæði
 - Mörk græna treflisins
 - Kirkjugarðsveggur og mön
 - Gróðurfái og skjólbelti
 - Ösnotin svæði / gróðursvæði
 - Grafarsvæði
 - Kennileiti
 - Háspennulína
 - Útivistarstígur í Úlfarsfelli
 - Útivistarstígur innan kirkjugarðs
 - Framtíðartenging við stofnstig
 - Minjar eldri en 100 ára
 - Minjar yngri en 100 ára
 - 1 m hæðarlínur

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Umhverfis- og skipulagsháttunni þann 22. júní 2016 og í Borgarráðinu þann 23. júní 2016. Tillagan var auglýst frá 3. maí 2016 með athugasemdafrest til 14. júní 2016. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 6. sept. 2016.
Björn Adalstein

NO.	DAGS.	BREYTING	REKINN	TEKINN
1	2020	1	1	1
2	2020	2	2	2
3	2020	3	3	3
4	2020	4	4	4
5	2020	5	5	5
6	2020	6	6	6
7	2020	7	7	7
8	2020	8	8	8
9	2020	9	9	9
10	2020	10	10	10
11	2020	11	11	11
12	2020	12	12	12
13	2020	13	13	13
14	2020	14	14	14
15	2020	15	15	15
16	2020	16	16	16
17	2020	17	17	17
18	2020	18	18	18
19	2020	19	19	19
20	2020	20	20	20
21	2020	21	21	21
22	2020	22	22	22
23	2020	23	23	23
24	2020	24	24	24
25	2020	25	25	25
26	2020	26	26	26
27	2020	27	27	27
28	2020	28	28	28
29	2020	29	29	29
30	2020	30	30	30
31	2020	31	31	31
32	2020	32	32	32
33	2020	33	33	33
34	2020	34	34	34
35	2020	35	35	35
36	2020	36	36	36
37	2020	37	37	37
38	2020	38	38	38
39	2020	39	39	39
40	2020	40	40	40
41	2020	41	41	41
42	2020	42	42	42
43	2020	43	43	43
44	2020	44	44	44
45	2020	45	45	45
46	2020	46	46	46
47	2020	47	47	47
48	2020	48	48	48
49	2020	49	49	49
50	2020	50	50	50
51	2020	51	51	51
52	2020	52	52	52
53	2020	53	53	53
54	2020	54	54	54
55	2020	55	55	55
56	2020	56	56	56
57	2020	57	57	57
58	2020	58	58	58
59	2020	59	59	59
60	2020	60	60	60
61	2020	61	61	61
62	2020	62	62	62
63	2020	63	63	63
64	2020	64	64	64
65	2020	65	65	65
66	2020	66	66	66
67	2020	67	67	67
68	2020	68	68	68
69	2020	69	69	69
70	2020	70	70	70
71	2020	71	71	71
72	2020	72	72	72
73	2020	73	73	73
74	2020	74	74	74
75	2020	75	75	75
76	2020	76	76	76
77	2020	77	77	77
78	2020	78	78	78
79	2020	79	79	79
80	2020	80	80	80
81	2020	81	81	81
82	2020	82	82	82
83	2020	83	83	83
84	2020	84	84	84
85	2020	85	85	85
86	2020	86	86	86
87	2020	87	87	87
88	2020	88	88	88
89	2020	89	89	89
90	2020	90	90	90
91	2020	91	91	91
92	2020	92	92	92
93	2020	93	93	93
94	2020	94	94	94
95	2020	95	95	95
96	2020	96	96	96
97	2020	97	97	97
98	2020	98	98	98
99	2020	99	99	99
100	2020	100	100	100